



Mosfellsbær  
b.t. Jóhönnu B. Hansen, framkvæmdastjóra umhverfissviðs  
270 Mosfellsbær

**Varðar: Tengingu Reykjalundar við göngu- og hjólastígakerfi Mosfellsbæjar.**


Undirritaður f.h. Reykjalundar endurhæfingarmiðstöðvar SÍBS óskar eftir að meðfylgjandi tillaga að tengingu Reykjalundar við göngu- og hjólastígakerfi Mosfellsbæjar verði tekin inná deiliskipulag bæjarins. Um er að ræða framlengingu á stíg sem liggur meðfram Varmánni fyrir neðan Helgafellshverfi. Í dag er búið að malbika stíginn að brú á Skammadalslæk.

Í gegnum tíðina höfum við átt í viðræðum við Mosfellsbæ um úrbætur á tengingu Reykjalundar við stígakerfi bæjarins. Út úr þeim viðræðum hefur m.a. komið að stígagerð meðfram Reykjalundarvegi er ekki möguleg vegna mikils bratta. Því hefur þessi leið sbr. meðfylgjandi uppdrátt verið kynnt af hálfu bæjarins og verið samþykkt í stjórn SÍBS. Hingað til hafa þessi mál verið í algjörum ólestri og talsverð slyshætta því samfara að ferðast fótgangandi eða hjólandi í vegkanti Reykjalundarvegar.

Stígur samkvæmt þessari tillögu liggur frá Skammadalslæk, meðfram Varmá á landi Reykjalundar. Malarstígurinn sem liggur um þetta svæði í dag er mjög fjölfarinn af íbúum Mosfellsbæjar og heppileg tenging bæði við Reykjalund en ekki síður við hverfi bæjarins sem liggja inn af Reykjalundi. Þessi stígur myndi því nýtast íbúum Mosfellsbæjar og vera góð og nauðsynleg tenging við stígakerfi bæjarins. Þess er vænst að Mosfellsbær fjármagni stígagerðina enda um að ræða hluta af stígakerfi Mosfellsbæjar.

Reykjalundi 16. maí 2017

F.h. Reykjalundar endurhæfingarmiðstöðvar SÍBS

  
Birgir Gunnarsson forstjóri